

## REGLUGERÐ

**um (3.) breytingu á reglugerð nr. 135/2010 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli, auk áorðinna breytinga.**

1. gr.

Á eftir 3. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein sem verður 3. gr. a. svohljóðandi:

3. gr. a.

*Aðgerðir vegna salmonelli í afurðum alifugla.*

Þrátt fyrir ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 skal innkalla afurðir hafi salmonella greinst í sýnum sem tekin eru við slátrun eða í afurðum alifugla. Afurðum sem salmonella hefur greinst í skal fargað eða þær hitameðhöndlaðar, þannig að kjarnhiti nái 72°C, áður en afurðunum er dreift, samkvæmt fyrirmælum Matvælastofnunar.

2. gr.

*Lagastoð.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 22. maí 2012.*

F. h. r.

**Sigurgeir Porgeirsson.**

---

*Baldur P. Erlingsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 25. maí 2012